



**Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands**

**FYRIRLESTUR Í NEW ORLEANS**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í dag mánudaginn 5. nóvember fyrirlestur á ársþingi bandarísku samtakanna um jarðvegs-vísindi (Soil Science Society of America) og fleiri samtaka en þingið er haldið í New Orleans. Það sækja um 3.000 vísindamenn og sérfræðingar, einkum frá Bandaríkjunum. Fyrirlestur forseta var tekinn upp fyrir nokkrum dögum og fluttur á skjávarpa. Á eftir svaraði forseti símleiðis fyrirspurnum ráðstefnugesta.

Í fyrirlestrinum fjallaði forseti um hvernig hættan á loftslagsbreytingum kallaði á breytingar í orkubúskap heimsbyggðar og ný viðhorf varðandi landgræðslu og baráttu gegn eyðingu landgæða. Hann nefndi fjölmörg dæmi úr reynslu Íslendinga við að þróa nýtingu hreinnar orku, einkum á sviði jarðhita og við að ná árangri í markvissri landgræðslu, en stærsta eyðimörk Evrópu er á Íslandi og þjóðin hefur í hundrað ár stundað skipulagða landgræðslu.

Forseti lagði áherslu á hvernig þessi reynsla gæti nýst öðrum löndum og rakti í lok erindisins helstu atriði í aðgerðaáætlun sem hann kynnti fyrst í fyrirlestri sem haldinn var á alþjóðlegu þingi á Selfossi í september þegar fagnað var hundrað ára afmæli Landgræðslu ríkisins.

Hægt verður að horfa á fyrirlestur forseta í New Orleans á heimasíðu forsetaembættisins, [forseti.is](http://forseti.is), síðar í dag.

*5. nóvember 2007.*

*Nánari upplýsingar má fá hjá skrifstofu forseta Íslands (540 4400) og hjá Örnólfi Thorssyni forsetaritara (896 3028).*